Ed. **511. Þingsályktun**

um síldarkaup, síldarforða og ásetning búpenings.

(Afgreidd frá Ed. 15. júlí).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að greiða fyrir kaupum og flutningi á síld og öðrum fóðurbæti til skepnufóðurs til næsta vetrar.

2. Að tryggja landinu síldarbirgðir til manneldis og skepnufóðurs.

3. Að brýna fyrir sveitarstjórnum að halda fundi í haust með bændum, til samtaka um tryggilega ásetning búpenings.

Stjórninni heimilast nauðsynlegt fje til framkvæmda þessu.